

Þriðjudaginn 25. október 1960.

Nr. 116/1960. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Almennum Tryggingum h/f

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vátrygging. Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt lögum
nr. 110/1951.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1960 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 30.293.87 með 6% ársvöxtum frá 30. maí 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Charles Owen Brubaker, maður í liði Bandaríkjanna á Íslandi, ók í bifreið sinni, VL E 341, hinn 17. desember 1956 í Keflavík á Sigríði Guðmundsdóttur húsfreyju með þeim atvikum, er í héraðsdómi greinir. Hlaut hún lemskur af. Varnarliðsmaðurinn ók mjög ógætlega, og hemlar á bifreið hans voru í ólagi. Þar sem hér var um að tefla verknað varnarliðsmanns utan samninga, var ríkissjóður ábyrgur samkvæmt 2. tl. 12. gr. samnings um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna hér á landi, er staðfestur var með lögum nr. 110/1951. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 30. apríl 1958, var ríkissjóði dæmt að bæta tjón Sigríðar að $\frac{4}{5}$ hlutum. Ríkissjóður innti af hendi skaðabætur og kostnað samkvæmt nefndum dómi 30. maí 1958, samtals kr. 30.293.87. og framsækir nú stefnda um þá fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði í nefndu máli.

Í máli þessu er einungis deilt um greiðsluskyldu stefnda, en eigi um fjárhæð framkröfunnar.

Með tryggingarskirteini, útgefnu 3. nóvember 1956, tryggði stefndi fyrir Charles O. Brubaker, Keflavík Airport, sem eiganda Ford fólksbifreið, VL E 58, smíðaða 1949, til einkaafnota fyrir allt að kr. 300.000.00 „fyrir einstakt tjón gegn sérhverri einkaréttarskaðabótakröfu, sem váttryggingartaka samkvæmt núgildandi íslenskum bifreiðalögum er skylt að tryggja gegn sem eiganda hinnar váttryggðu bifreiðar vegna tjóns, sem hlotizt hefur af notkun hennar“. Í 9. gr. skirteinisins áskildi stefndi sér rétt til þess m. a. „að krefjast endurgreiðslu hjá váttryggingartaka eða öðrum váttryggðum, ef tjónið hefur orðið með þeim hætti, sem hér segir: a) af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni, b) af ófullnægjandi viðhaldi bifreiðarinnar...“ Frá 1. desember 1956 fékk nefnd bifreið einkennisstafina VL E 341, sbr. viðbótar-skirteini, útgefið 20. desember 1956. Samkvæmt tryggingar-samningnum var stefndi ábyrgur fyrir tjóni því, sem frú Sigriður Guðmundsdóttir hlaut af völdum nefndrar bifreiðar. Gildur var og samkvæmur 7. mgr. 36. gr. laga nr. 23/1941 áskilnaður stefnda um endurgreiðslu úr hendi váttryggingar-taka, þá er um væri að tefla tjón af ásettu ráði eða stórkostlegri óvarkárnri, enda standa ákvæði 2. tl. 12. gr. varnar-sáttmálans slíku samningsákvæði eigi í vegi. Ríkissjóði bar samkvæmt upphafsákvæði 2. tl. 12. gr. varnarsáttmálans að greiða frú Sigriði Guðmundsdóttur skaðabætur, þar sem áverkí sá, sem Charles Owen Brubaker veitti henni með bifreið sinni, var skaðabótaverk utan samninga. Ríkissjóður er eigi samkvæmt upphafi 2. tl. 12. gr. nefnds sáttmála ábyrgur fyrir endurkröfu stefnda á hendur Charles Owen Brubaker, þar sem sú krafa hefur stoð sína í váttryggingarsamningnum og 7. mgr. 36. gr. laga nr. 23/1941. Samkvæmt þessu og þar sem ríkissjóður hefur af nauðsyn leyst til sín kröfu, sem stefndi hefur váttryggt gegn, á ríkissjóður framkröfu á hendur stefnda fyrir skaðabótum þeim og kostnaði, sem krafizt er. Ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 30.293.87 með 6% ársvöxtum frá 30. maí 1958 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, greiði áfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 30.293.87 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. maí 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. maí 1960.

Mál þetta, sem var tekið til dóms 29. f. m., hefur fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. desember 1958, gegn Almennum Tryggingum h/f, hér í borg, til endurgreiðslu á skaðabótum og kostnaði, að fjárhæð kr. 30.293.87 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. maí 1958 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómarans.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Hinn 17. desember 1956, kl. tæplega sex síðdegis, varð Sigríður Guðmundsdóttir, húsfreyja, til heimilis á Keflavíkurflugvelli, fyrir varnarliðsbífreiddinni VL E 341 á Brunnlandsgötu þar á flugvellinum. Var Sigríður á gangi norður götuna, en bífreiddinni var ekið á eftir henni. Hlaut Sigríður við slys þetta brot á vinstra fótlegg og heilahristing. Samkvæmt uppdrætti, er lögreglan á Keflavíkurflugvelli gerði af slysstaðnum, er Brunnlandsgata malbikuð og um 6 metra breið á þessum slóðum. Tveir ljóskeisstaurar eru þarna vestan megin götunnar, annar um 6 metra sunnan slysstaðarins, en hinn um 10 metra norðan hans. Afmörkuð, malbikuð gangbraut mun vera vestan megin götunnar, í um 2 metra fjarlægð frá götugaðri, en hún mun hafa verið hulin snjó á þessum tíma, svo sem nánar verður að vikið síðar.

Ökumaður bífreidarinnar, Charles Owen Brubaker að nafni, skýrir svo frá, að hann hafi ekið á vinstra jaðri götunnar á um 10 mílna hraða, miðað við klukkustund. Skuggsýnt hafi verið, þurrviðri og léttskýjað. Lægri ökuljós bífreidarinnar hafi verið tendruð. Hann hafi ekki séð Sigríði, fyrr en slysið varð, en það hafi orðið með þeim hætti, að hægri aurlíf bífreidarinnar lenti á konunni, er við það hafi fallið í götuna. Er slysið varð, hafi Sigríður verið á miðri götunni. Þegar er hann varð hennar var, hafi hann reynt að hemla, en hemlarnir hafi ekki „tekið við sér“.

Hann hafi þá í skyndi snúið bifreiðinni til vinstri, og hafi Sigríður dregið með henni í áttina að götujaðrinum, þar sem hún hafi legið, er hann kom út úr bifreiðinni. Bifreiðin hafi verið komin nokkuð út fyrir götuna, er hún stöðvaðist. Svo er að sjá, að farartæki hafi komið eftir götunni úr gagnstæðri átt um þetta leyti, og kveðst bifreiðarstjórinn ekki hafa blindast af ljósum þeirra. Hann kveðst hafa látið gera við hemla bifreiðarinnar, nokkrum dögum áður en slysið varð, og hafi hann ekki verið búinn að verða þess var fyrr, að þeir voru ekki í lagi.

Vitnið John Franxis Hays jr., sem var farþegi í bifreiðinni, skýrir á svipaðan hátt frá aðdraganda slyssins og bifreiðarstjórinn. Kveðst vitnið hafa skyndilega komið auga á Sigríði á miðri akbrautinni, er bifreiðin var komin svo nálægt henni, að um 4 fet voru á milli. Hafi þeir, sem í bifreiðinni voru, komið jafnsnemma auga á konuna. Eftir að bifreiðin hafði rekizt á hana, hafi bifreiðarstjórinn snúið bifreiðinni til vinstri, og hafi konan dregið nokkurn spöl með bifreiðinni. Vitnið kveður bifreiðina hafa stöðvazt í um 40 „yarda“ fjarlægð frá þeim stað, þar sem Sigríður lá eftir slysið. Bifreiðinni kveður vitnið hafa verið ekið á vinstra götuhelmingi á um 10 mílna hraða, miðað við klukkustund, og hafi framaurhlíf bifreiðarinnar lent á konunni.

Vitnið Ralph Carter Fulcher, farþegi í bifreiðinni, skýrir svo frá, að bifreiðinni hafi verið ekið á réttum götuhelmingi á um 15 mílna hraða, miðað við klukkustund. Það kveðst hafa veitt Sigríði athygli á miðri akbrautinni, er bifreiðin átti ófarin um 4 fet að henni. Hægri framaurhlíf bifreiðarinnar hafi lent á konunni, en um leið hafi bifreiðarstjórinn snúið bifreiðinni til vinstri. Hafi konan dregið með bifreiðinni um 9—10 fet. Er bifreiðin hafði numið staðar, hafi konan legið á götubrúninni um 20 „yarda“ fyrir aftan hana. Vitnið kveðst hafa setið í framsæti bifreiðarinnar, og hafi ljós bifreiða, er á móti komu, blindað sig. Hafi það af þeim sökum ekki séð Sigríði, fyrr en raun varð á.

Vitnið Gunnar Hörður Valdimarsson kveðst hafa ekið í bifreið sinni á eftir VL E 341 í umrætt sinn. Hafi þeirri bifreið verið ekið vel á réttum götuhelmingi og mjög hægt, eða á um 20 km hraða, miðað við klukkustund. Skyndilega hafi bifreiðinni verið snarþeygt til vinstri út af akbrautinni. Er hún var komin 1½—2 metra út fyrir akbrautina, hafi það séð konu koma veltandi aftur með hægri hlið bifreiðarinnar. Hafi það þá strax stöðvað bifreið sína og haldið í fyrstu, að konan hefði fallið út úr bifreiðinni, en það hafi ekki verið búð að koma auga á hana áður. Vitnið segir,

að skuggsýnt hafi verið á þessum tíma, en þurrt veður og bjart yfir.

Vitnið Skúli Thorarensen lögregluþjónn kom á vettvang skömmu eftir slysið. Kveður það stefnanda hafa legið 2.20 metra fyrir utan akbrautina, en bifreiðin hafi staðið um 22 metra frá þeim stað og verið um 6 metra utan akbrautarinnar. Vitnið kveður snjó hafa legið yfir öllu og því ógerlegt að greina gangbrautina vestan megin götunnar. Á hinn bóginn hafi slóð eftir gangandi vegfarendur verið í snjónum þeim megin götunnar. Kveðst vitnið ekki geta um það sagt, hve langt frá götunni slóð þessi var, en það muni vart hafa verið nema tveir metrar.

Vitnið Sigfús Guðmundur Þorgrímsson lögregluþjónn, sem kom á slysstaðinn skömmu eftir slysið, skýrir svo frá, að sveibólstrar hafi verið á stöku stað á akbrautinni á þessum slóðum, en þó meir utan akbrautarinnar. Kveðst vitnið telja, að nokkuð hált hafi verið og öruggara að aka með snjókeðjum. Snjókeðjur hafi aftur á móti ekki verið á hjólum VL E 341.

Sigríður Guðmundsdóttir skýrir svo frá, að hún hafi í umrætt sinn verið á leið heiman að frá sér að Hótel Keflavík. Hafi hún gengið á vinstri brún götunnar. Sakir þess að nokkuð var hált, hafi hún haldið sig á mótum akbrautarinnar og svæðisins á milli hennar og gangbrautar þeirrar, er áður getur, en þar hafi hálkan verið minnst. Bjartviðri hafi verið og þurrt og götuljós tendruð. Engin umferð farartækja hafi verið eftir götunni úr gagnstæðri átt. Skyndilega hafi hún orðið fyrir höggi og kastast við það til, en fallið síðan til jarðar. Ekki kveðst hún geta gert sér grein fyrir því, með hverjum hætti slysið varð eða hvernig bifreiðin rakst á hana. Hafi hún og ekki vitað um bifreiðina að baki sér.

Að tilhlutun lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, er hafði með höndum rannsókn slyss þessa, var umrædd bifreið skoðuð af bifreiðaeftirlitsmönnum Jóni Sumarliðasyni og Sverri Samúelssyni. Fór skoðun þessi fram daginn eftir slysið. Í vottorði skoðunarmanna, dags. þann dag, segir á þessa leið:

„Við skoðun á bifreiðinni kom í ljós, að fóthemlar virkuðu ekki fyrr en eftir 5—6 fótstig. Hemlakerfið var þétt og því ekki hægt að álíta, að hemlarnir hafi farið snögglega af. Handhemill var óvirkur. Framrúða vinstra megin er sprungin. Bifreiðin var snjókeðjulaus, er við skoðuðum hana.“

Höfðað var opinbert mál á hendur ökuþingi bifreiðarinnar vegna slyss þessa. Var hann með dómi sakadóms Keflavíkurflugvallar, uppkveðnum 29. apríl 1957, talinn hafa gerzt brotlegur við

eftirtalin lagaákvæði með akstri sínum í umrætt sinn: 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 5. gr. og 1. og 2. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 3. tl. 2. gr. reglugerðar um gerð og notkun bifreiða nr. 72/1937. Refsing bifreiðarstjórans fyrir brot þessi var ákveðin 3500 króna sekt, en auk þess var hann sviptur ökuleyfi í 8 mánuði. Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Með stefnu, útgefinni 22. október 1957, höfðaði Sigríður Guðmundsdóttir mál gegn stefnanda þessa máls til heimtu skaðabóta vegna tjóns þess, er hún taldi sig hafa beðið af völdum umgetins slyss. Var stefnda stefnt til réttargæzlu í því máli, en engar kröfur hafðar uppi á hendur honum. Lyktir þess máls urðu þær, að $\frac{1}{4}$ fébótaábyrgðar á slysinu voru lagðir á ríkissjóð og honum samkvæmt því dæmt að greiða Sigríði Guðmundsdóttur kr. 21.140.00 í skaðabætur auk vaxta og málskostnaðar. Greiddi ríkissjóður fé þetta, alls 26.093.87 af hendi hinn 30. maí 1958. Hefur ríkissjóður höfðað mál það, sem hér er fjallað um, til heimtu þessa fjár ásamt kostnaði sínum af því máli.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að bifreið sú, er slysinu olli, hafi verið vátryggð hjá stefnda í samræmi við ákvæði 36. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 70. gr. laga nr. 26/1958. Hljóti því stefnandi, sem kom að öllu leyti í stað eiganda bifreiðarinnar um ábyrgð á tjóni því, er af slysinu leiddi, að eiga endurkröfurétt á stefnda, að því leyti sem stefnanda var gert að bæta tjónið. Nemur fjárhæð stefnukröfunnar bótafénu, sem stefnanda var gert að greiða, ásamt vöxtum og kostnaði hans af því máli. Er fjárhæðin ekki vefengd.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á tveimur höfuðástæðum. Í fyrsta lagi þeirri, að íslenzk stjórnvöld hafi ekki látið gildandi lagafyrirmæli um eftirlit með bifreiðum og öryggi þeirra ná til bifreiða, sem eru í eigu varnarliðsmanna á Íslandi. Sé og vitað, að mikill hluti þeirra bifreiða sé í meira og minna óökufæru ástandi vegna skorts á viðhaldi. Í annan stað reisir stefndi sýknukröfuna á því, að ljóst sé af refsíðanum á hendur ökumanni varnarliðsbifreiðarinnar, að hann hafi valdið margnefndu slysi með stórkostlegu gáleysi. Endurheimturéttur stefnda samkvæmt 36. gr. þágildandi bifreiðalaga nr. 23/1941 hefði því verið fyrir hendi, ef hann hefði greitt af hendi bætur vegna slyssins. Af þessum sökum sé enginn grundvöllur fyrir því, að stefnandi, sem að öllu leyti komi hér í stað bifreiðareigandans og hefði orðið að þola endurheimtu, ef á slíkt hefði reynt, geti krafist stefnda um bótaféð.

Í fyrrgreindum bæjarþingsdómi, sem ekki hefur verið áfrýjað og stendur því óhaggaður, segir á þessa leið um sök bifreiðarstjórans á slysinu:

„Sýnt þykir, að slys það, sem um ræðir, megi að verulegu leyti rekja til þess, að hemlar bifreiðarinnar voru í ólagi og komu ekki að notum, er á reyndi. Þá virðist og einsýnt, að verulega hafi á það skort, að bifreiðarstjórinn beitti nægri athygli við aksturinn, þar eð hann sá ekki stefnanda, fyrr en slysið varð, enda þótt skyggni væri gott og útsýn fram á veginn óhindruð að sögn hans...“

Með skírskotun til þessara raka og þegar það er haft í huga, sem greinir í vottorði bifreiðæftirlitsmannanna tveggja, sem skoðuðu bifreiðina eftir slysið, að það „sé ekki hægt að álíta, að hemlarnir hafi farið snögglega af“, þá verður að líta svo á, að slíku gáleysi hafi verið til að dreifa af hendi varnarliðsmanns þess, er bifreiðinni ók, að tryggingarfélagið, stefndi í máli þessu, hefði átt endurheimturétt á því fé, er það hefði greitt í bætur vegna slyssins, ef á hefði reynt. Samkvæmt því eru ekki efni til þess að dæma stefnda til að standa stefnanda, sem að öllu leyti kemur hér í stað tryggingartakans, skil á því fé, er stefnandi hefur greitt af hendi af þessu tilefni. Leiðir þetta til sýknu í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sjálfur kostnað sinn af málinu.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Í máli þessu er stefndi, Almennar Tryggingar h/f, sýkn af kröfum stefnanda, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs.

Hvor aðili beri kostnað sinn af málinu.
